

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri




Reykjavík, 16. október 2013
Tilvísun: UST20130800111/ksj


Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018 Breyting á aðalskipulagi: Akstursíþrótt- og skotsvæði á Glerárdal

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 á svæði fyrir akstursíþróttir og skotsvæði á Glerárdal.

Ofangreind tillaga að breytingu felur í sér stækkun á akstursíþróttasvæði og skotæfingasvæði upp með Glerá. Í umsögn um lýsingu vegna tillögunnar gerði Umhverfisstofnun athugasemdir þar sem tillagan myndi hafa neikvæð áhrif á hljóðvist á nærliggjandi svæðum þar sem hestaíþróttir, útivist og ferðamennska er stunduð. Að mati Umhverfisstofnunar hefur verið tekið tillit til athugasemda stofnunarinnar varðandi hljóðvist, þar sem kveðið er á um í greinagerð tillögunnar að deiliskipulag verði mótað með hliðsjón af því að lágmarka áhrif frá aksturs- og skotsvæði á hljóðvist í aðliggjandi hverfum og útivistarsvæðum. Einnig kemur fram að gert verður ráð fyrir hljóðmönnum þar sem þeirra er þörf. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að þar sem þörf er fyrir uppgræðslu á svæðinu verði staðargróður notaður til þess.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur